



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur 22. mars 2016

Ákvörðun nr. 11/2016

Samruni KS sölu ehf., Esju Gæðafæðis ehf. og Gallerí Kjöts ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. þann 22. janúar 2016 barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning um samruna KS sölu ehf. (hér eftir KS sala), Esju Gæðafæðis ehf. (hér eftir Esja) og Gallerí Kjöts ehf. (hér eftir Gallerí Kjöt), sbr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 881/2005 um tilkynningu samruna með síðari breytingum. Meðfylgjandi samrunatilkynningu var samrunaskrá í samræmi við reglur nr. 881/2005 og viðauka I með þeim, þ.e. svokölluð lengri samrunatilkynning. Með umræddum kaupum eignast KS sala allt hlutfé í Esju og Gallerí Kjöti. Að mati samrunaaðila eru framangreind kaup ekki til þess fallin að skapa samkeppnisleg vandkvæði, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 27. janúar 2016, var samrunaaðilum tilkynnt að samrunatilkynningin væri fullnægjandi og þeir frestir sem eftirlitið hefði til að rannsaka samrunann samkvæmt 17. gr. d samkeppnislaga hefðu byrjað að líða frá og með 25. janúar 2016.

Samkeppniseftirlitið óskaði með bréfum, dags. 28. janúar 2016, eftir tölulegum upplýsingum frá rekstraraðilum í slátrun og kjötvinnslu, í því skyni að meta markaðshlutdeild á sláturmörkuðum og tengdum kjötmörkuðum og möguleg samkeppnisleg áhrif samrunans. Þá var viðkomandi aðilum ennfremur gefinn kostur á því að koma á framfæri athugasemdum sem tengdust þeim mörkuðum sem málið varðar eða samrunanum sem að þeirra mati hefðu þýðingu við rannsókn samrunans. Frestur til að skila upplýsingunum var veittur til 11. febrúar 2016. Samkeppniseftirlitið þurfti að ítreka upplýsingabeidnina við nokkra aðila með bréfum dagsettum 15. febrúar 2016. Ítrekaður svarfrestur var veittur til 19. febrúar 2016. Upplýsingarnar og frekari athugasemdir bárust á tímabilinu frá 29. janúar til 8. mars 2016.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 25. febrúar 2016, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að það teldi ástæðu til að rannsaka frekar samkeppnisleg áhrif samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga.



II.

Samruninn, aðilar hans og yfirráð

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yfirráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í samrunatilkynningu kemur fram að KS sala sé dótturfélag í 100% eigu Kaupfélags Skagfirðinga svf. (hér eftir KS). Helsta starfsemi sem KS fæst við er sjávarútvegur, kjötframleiðsla, mjólkurframleiðsla, fóðurframleiðsla og innflutningur, verslunarrekstur, rekstur rafmagns-, bíla- og vélaverkstæðis og vöruflutningar. Tekið er fram í samrunatilkynningunni að KS hafi hafið starfsemi á markaðnum fyrir fullvinnslu á kjöti í kjölfar kaupa KS á Sláturhúsinu Hellu ehf. (hér eftir Sláturhúsið Hellu) og Skanka ehf. (hér eftir Skanki), sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 30/2014, *Samruni KS sölu ehf., Sláturhússins Hellu hf. og Skanka ehf.* Áhugi sé hjá KS að þjónusta afurðakaupendur á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar betur en verið hafi með því að auka við starfsemi félagsins í kjötvinnslu og bæta framboð á unnu kjöti til viðskiptavina þess. Með kaupum KS á framangreindum félögum hafi vörulína KS breikkað. KS hafi áður fyrst og fremst grófunnið vörur úr sauðfé, nautum og hrossum. Með kaupum á Esju telur KS að framboð félagsins á fullunnum kjötvörum muni aukast. Markmiðið með þeim kaupum sem nú séu til skoðunar sé að veita viðskiptavinum góða þjónustu í samkeppni við þá aðila sem fyrir séu á markaðnum. Ætlunin sé að styrkja starfsemi KS á sviði kjötvinnslu og fullvinnslu á kjötafurðum.

Esja er í fullri eigu Gæðafæðis ehf. (hér eftir Gæðafæði). Sömu einstaklingar eiga Gæðafæði og Gallerí kjöt. Helsta starfsemi Esju er fullvinnsla á ýmiss konar kjötafurðum fyrir mötuneyti, stóreldhús, veitingarstaði og verslanir. Gallerí Kjöt heldur aftur á móti úti sérverslun með kjöt og tengdar vörur.

Samruninn nær til vinnslu kjötafurða. Esja starfar við kjötvinnslu og selur unnar vörur áfram til dagvöruverslana og stóreldhúsa á borð við veitingahús og mötuneyti. KS, móðurfélag KS sölu, á og rekur sauðfjársláturhús og stórgripasláturhús á Sauðárkróki. Félagið annast slátrun á sauðfé, nautgripum og hrossum og grófvinnur vörur úr gripunum. KS á jafnframt 50% hlut í Sláturhúsi KVH á Hvammstanga sem rekur sauðfjársláturhús og stórgripasláturhús. Þau sláturhús grófvinna einnig úr sauðfé, nautgripum og hrossum. Einnig fer KS með 60,6% hlut í Sláturhúsinu Hellu sem er stórgripasláturhús. Í kjölfar kaupa KS á 60% hlut í Skanka hefur KS haft með höndum nokkra vinnslu á kjötafurðum.

Að mati samrunaaðila felst ávinningur samrunans í aukinni hagræðingu og samlegð sem tryggir samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Félögin verða því betur í stakk búin til samkeppni við stærri félög á markaðnum í kjölfar samrunans. Með kaupunum auki KS við starfsemi sína á sviði fullvinnslu á kjöti og geti boðið breitt úrval af fullunnum kjötvörum til ýmissa aðila ásamt því að taka frekari þátt í að vinna þær afurðir sem til verða við slátrun innan samstæðunnar. Skapast því jafnframt tækifæri fyrir KS til þess að flytja út kjöt í meira mæli en áður hafi verið í gegnum erlend viðskiptasambönd. Þá hafi Esja yfir ýmsum tækjum að ráða sem geri félaginu kleyft að framleiða ýmsa tilbúna rétti sem Skanki hafi ekki getað gert. Megi því ætla að vörur verði fullunnar innan samstæðu KS í meira mæli



en áður hafi verið. Þá áætli KS að með samrunanum muni nást fram hagræðing í dreifingu.

Samkvæmt samrunaskránni eru dótturfélög KS, auk KS sölu, FISK Seafood ehf., Vörumiðlun, Trésmiðjan Borg ehf., Tækjagarður ehf. (50%), Fóðurfélagið ehf., Vogabær ehf., Norðlensk Orka ehf. (92,2%), Þrá ehf. (50%), Steinull ehf. (51%), Kaupsæld ehf., Fóðurblandan hf., Reykir í Hjaltadal ehf., Fjölbygg ehf., Íslenskar sjávarafurðir ehf., Tengill Eignarhaldsfélag, Tengill ehf., ÍSKS ehf., Nýprent ehf., IceCorpo Iceland ehf. og Heilsuprótein ehf. Þá kemur fram að sum dótturfélög KS eigi enn önnur dótturfélög.

Í samrunatilkynningunni er þess getið að ekki sé um nein önnur fyrirtæki að ræða sem séu undir yfirráðum samrunaaðila og stundi viðskipti á markaði þar sem áhrifa samrunans gæti. Þá sé ekki um neitt annað formlegt eða óformlegt viðskiptalegt samstarf að ræða þar sem áhrifa gæti í þessu máli.

III. Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. laganna kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

1. Um skilgreiningu markaða

Í umfjöllun um markaðinn í samrunatilkynningunni segir m.a.:

„Kaupfélag Skagfirðinga og Sláturhús KVH hafa enga fullvinnslu á kjöti með höndum, þ.e. enga farsgerð, áleggsgerð né reykingu. KS og KVH eru einungis í grófhlutun og pökkun á lambi, nauti og hrossum, auk þess að salta og krydda í litlum mæli u.þ.b. 0,5% grófhlutunar.

Sláturhúsið á Hellu er að sama skapi í grófhlutun og pökkun á nauti og hrossum. Einnig sinnir Sláturhúsið á Hellu einhverri reykingu og söltun í litlu mæli, auk framleiðslu á bjúgum og hamborgurum. Stærstur hluti er þó aðeins grófhlutaður og seldur þannig áfram.

Skanki er aftur á móti í fullvinnslu kjötvára úr nauti, svínum, lambi og hrossum (í litlu mæli). Sama máli gegnir um Esju sem starfar við fullvinnslu á kjöti. Fer engin slátrun fram á vegum Esju.“

Að mati samrunaaðila mun samkeppnislegra áhrifa vegna samrunans gæta á mörkuðum fyrir slátrun sauðfjár, hrossa og nautgripa, á markaðnum fyrir sölu á ferskum kjötvörum og markaðnum fyrir sölu á unnum kjötvörum. Þá gæti áhrifa einnig gætt á dagvörumarkaði en KS starfar á þeim markaði. Auk þess selur Gallerí Kjöt unnið kjöt í



sérstakri verslun ásamt nokkrum öðrum vörum. Gæti sú verslun talist vera á dagvörumarkaði en velta hennar og markaðshlutdeild sé þó óveruleg.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 30/2014 hafi kjötmörkuðum verið skipt í sláturmarkað, markað fyrir gróf- og fullvinnslu á kjöti og markað fyrir sölu til dagvöruverslana og annarra aðila. Þá hafi Samkeppniseftirlitið skipt markaðnum niður eftir kjöttegundum. Markaðnum fyrir sölu frá kjötvinnslum hafi þó ekki verið skipt sérstaklega upp í undirmarkaði og telja samrunaaðilar ekki ástæðu til þess að gera það hér.

Þá er það mat samrunaaðila að á öllum mörkuðum þar sem áhrifa gæti sé landfræðilegur markaður Ísland.

Eins og áður segir hefur Samkeppniseftirlitið í eldri ákvörðunum talið að hver kjöttegund tilheyri sérstökum markaði. Má í því sambandi m.a. vísa til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 25/2001 *Samningur Reykjagarðs hf. og Ferskra kjúklinga ehf. um slátrun og pökkun á kjúklingum*, þar sem talið var að sérstakir eiginleikar kjúklingakjöts leiddu til þeirrar niðurstöðu að takmörkuð staðganga væri á milli kjúklingakjöts og annarra tegunda af kjöti. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2010 *Samkeppnishömlur í tengslum við forverðmerkingar á kjötvörum* var talið að hver kjöttegund væri á sjálfstæðum markaði. Þá var lagt til grundvallar í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2011 *Búvangur o.fl. gegn Samkeppniseftirlitinu að svínakjöt tilheyrði sérstökum markaði*.¹ Þá má að lokum nefna að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 30/2014 *Samruni KS sölu ehf., Sláturhússins Hellu hf. og Skanka ehf.* var talið að hver kjöttegund tilheyrði sérstökum markaði.

Að mati Samkeppniseftirlitsins eiga sömu sjónarmið við í þessu máli, þ.e. að hver kjöttegund tilheyri sérstökum markaði. Þau kjötvinnslufyrirtæki sem um ræðir í málinu framleiða aðallega vörur úr kindakjöti, nautakjöti og hrossakjöti og lítilsháttar úr svínakjöti. Samkeppniseftirlitið telur því eðlilegt að mörkuðum þessa máls verði skipt eftir umræddum kjöttegundum.

Eins og áður segir hafa KS og Sláturhúsið Hellu að óverulegu leyti með fullvinnslu á kjöti að gera. Meginstarfsemi KS og KVH, dótturfélags þess, á viðkomandi mörkuðum málsins felst fyrst og fremst í grófhlutun og pökkun á lambi, nauti og hrossum, auk þess að krydda og salta í litlum mæli. Skanki er aftur á móti í fullvinnslu á kjötvörum úr nauti, svínunum, lambi, alifuglakjöti og hrossum og sama máli gegnir um Esju. Gallerí Kjöt heldur síðan úti séerverslun með kjöt og tengdar vörur.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruninn varði sölu á viðkomandi ferskum og unnum kjötvörum sem áður er getið.

Þá er það enn fremur niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að landfræðilegir markaðir þessa máls eigi við um landið allt, Ísland.

¹ Sjá einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2011 *Brot Síldar og fisks ehf. og Matfugls ehf. á 10. gr. samkeppnislaga*.



2. Markaðshlutdeild aðila á viðkomandi mörkuðum

Það er meginregla í samkeppnisrétti að fyrirtæki sem er með 50% markaðshlutdeild á hinum skilgreinda markaði er talið markaðsráðandi, nema skýr sönnunargögn bendi til annars.² Ályktunin um markaðsráðandi stöðu sem draga má af markaðshlutdeild er enn sterkari ef fyrirtæki hafa meira en 50% markaðshlutdeild.

Í ákvörðun þessari er samruni KS sölu, Esju og Gallerí Kjöts tekinn til skoðunar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga um samruna. Í máli þessu þarf því að rannsaka hvort samruni þessara fyrirtækja hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins, eða samruninn verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Framangreindur samruni felur í sér láréttan samruna (e. *horizontal merger*) þar sem samrunaaðilar starfa allir við vinnslu og sölu á fersku og unnum kjötafurðum. Nánar tiltekið starfar KS við grófvinnslu á kjötafurðum, auk þess að annast slátrun búfjár, en engin fullvinnsla fer þar fram. Sláturhúsið Hellu sem KS sala keypti árið 2014 starfar einnig við grófhlutun og pökkun á kjöti auk þess sem það sinnir einhverri fullvinnslu í litlum mæli. Esja starfar aftur á móti við fullvinnslu á ýmiss konar kjötafurðum fyrir mötuneyti, stóreldhús, veitingastaði og verslanir. Skanki starfar fyrst og fremst við vinnslu og sölu á ferskum og unnum kjötvörum. Gallerí Kjöt heldur síðan úti sérvorslun með kjöt og tengdar vörur eins og áður segir.

Samkeppnishömlur sem stafa af láréttum samruna eru aðallega af þrennum toga. Í fyrsta lagi ef samruni verður til þess að viðkomandi fyrirtæki hætta að keppa sín á milli um hylli viðskiptavina sinna með tilheyrandi afleiðingum fyrir viðskiptavinum og neytendum. Í öðru lagi ef samruni leiðir til þess að hið sameinaða fyrirtæki öðlist það mikinn efnahagslegan styrk að það geti hætt að taka tillit til keppinauta sinna og neytenda. Í þriðja lagi ef aukin samþjöppun á markaðnum sem fylgir láréttum samruna dregur alvarlega úr samkeppni þeirra fyrirtækja sem eftir eru á markaðnum. Lóðréttir samrunar eru almennt ólíklegri en láréttir samrunar til þess að fela í sér takmörkun á samkeppni. Þeir geta þó undir vissum kringumstæðum haft í för með sér skaðleg útilokunaráhrif.

Í samrunatilkynningunni vísa samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 30/2014 er varðaði samruna KS sölu, Sláturhússins Hellu og Skanka. Í sölu á ferskum kjötvörum voru félögin sem voru að sameinast talin hafa undir 20% markaðshlutdeild í kindakjöti, undir 20% markaðshlutdeild í hrossakjöti, undir 10% markaðshlutdeild í nautakjöti og undir 5% markaðshlutdeild í svínakjöti. Markaðshlutdeildin á markaðnum fyrir sölu á unnum kjötvörum var talin vera undir 10% á öllum mörkuðum. Var samruninn því samþykktur án íhlutunar.

Eins og áður segir starfar Esja fyrst og fremst á sviði kjötvinnslu. Markaðshlutdeild KS fyrir samrunann á þeim markaði var tiltölulega lág en ólíklegt er að mati samrunaaðila að

² Sjá hér t.d. dóm undirréttar ESB frá 30. janúar 2007 í máli nr. T-340/03 *France Télécom v Commission*: „...although the importance of market shares may vary from one market to another, very large shares are in themselves, and save in exceptional circumstances, evidence of the existence of a dominant position (*Hoffman-La Roche v. Commission*, paragraph 80 above, paragraph 41, and *Case T-221/95 Endemol v Commission* [1999] ECR II-1299, paragraph 134). The Court of Justice held in *Case C-62/86 AKZO v Commission* [1991] ECR I-3359, paragraph 60, that this was so in the case of a 50% market share.“



markaðshlutdeild sameinaðs félags á sviði kjötvinnslu sé meira en 15%. Þá sé ólíklegt að markaðshlutdeild KS hafi breyst verulega frá því að ákvörðun nr. 30/2014 hafi verið tekin að mati samrunaaðila.

Þá er það mat samrunaaðila að almennt gæti mikillar samkeppni á mörkuðum málsins. Nokkur fjöldi aðila starfi við slátrun, kjötvinnslu og sölu á kjötafurðum um land allt. Þá hafi töluverðrar samkeppni gætt á milli þessara aðila á undanförunum árum. Óveruleg breyting hafi orðið á markaðnum frá því að KS hafi keypt Sláturhúsið Hellu og Skanka en í millitíðinni hafi Kjarnafæði hf. þó keypt SAH afurðir ehf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2014, *Samruni Kjarnafæðis hf. og SAH afurða ehf.* Þar hafi verið um að ræða félög á ólíkum sölustigum og því óveruleg breyting á markaðnum fyrir slátrun og grófvinnslu á kjöti.

Þá segir að stærstur hluti afurða KS, Sláturhúss KVH og Sláturhússins Hellu sé seldur áfram til kjötvinnslufyrirtækja sem fullvinni vöruna. Stærstu fyrirtækin á markaðnum reki hins vegar bæði sláturhús og kjötvinnslur þar sem allar kjöttegundir og kjötafurðir séu fullunnar í neytendapakkingum fyrir matvöruverslanir. Það hafi hins vegar þau áhrif að erfitt sé að meta markaðshlutdeild einstakra félaga út frá veltu.

Hvað varði sölu á fersku og unnu kjöti þá séu Sláturhúsið Hellu, Sláturhús KVH og KS ekki í fullvinnslu á kjöti nema í mjög litlum mæli. KS sé fyrst og fremst í grófhlutun og pökkun á lambi, nauti og hrossum. Þær unnu kjötvörur sem KS selji séu aðkeyptar og aðeins seldar í heildsölu í Skagafirði. Skanki fullvinni kjötvörur en markaðshlutdeild félagsins sé ekki há. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins árið 2014 kom fram að markaðshlutdeild félagsins væri lægri en 10%. Þá hafi markaðshlutdeild sameinaðs félags í fullunnu svínakjöti talin vera undir 5%, undir 10% í nautakjöti, undir 20% í kindakjöti og undir 20% í hrossakjöti í sömu ákvörðun. Þá var sameiginleg markaðshlutdeild í sölu á unnum kjötvörum til dagvöruverslana áætluð undir 10% í sömu kjöttegundum.

Að mati samrunaaðila gefi þessar tölur sem birst hafa í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins sæmilega mynd af markaðnum með unnar kjötvörur í dag. Markaðsaðstæður hafi ekki að mati samrunaaðila breyst svo um muni frá því að ákvörðun nr. 30/2014 var tekin.

Nokkrir aðilar selji lítið sem ekkert til dagvöruverslana en starfi á markaði fyrir vinnslu á nauti, lambi og svíni til veitingahúsa, mötuneyta og hótela. Stærstu aðilar á markaðnum væru Norðlenska matborðið, Sláturfélag Suðurlands, Kjarnafæði, Stjörnugrís, Ferskar kjötvörur og Síld og Fiskur. Stærstur hluti sláturgripa færi í gegnum sláturhús og vinnslur þessara aðila og áfram til dagvöruverslana og annarra aðila.

Að mati samrunaaðila væri ekki um aðrar aðgangshindranir að ræða en þann fjárfestingarkostnað sem fylgi því að tryggja sér vélar og tæki. Ætla mætti að sá kostnaður væri að vissu marki endurheimtanlegur með sölu á tækjunum væri starfsemi hætt. Einnig þyrfti að útvega nauðsynleg leyfi en það gæti ekki talist aðgangshindrun í sjálfu sér þó að nokkur kostnaður fylgi leyfum og matvælaeftirliti. Vissulega væru ýmsar hömlur á innflutningi á kjöti en hann hefði þó verið allnokkur undanfarin misseri. Þá gætu bændur lagt inn hjá hvaða sláturhúsi sem er og því gæti hver sem er hafið slátrun. Sláturhús á Íslandi hafi svo selt kjöt til kjötvinnslna sem eftir því hefðu óskað. Því ættu



ný fyrirtæki að geta tryggt sér aðföng vandkvæðalaust. Þá væri ekki þörf á sérstakri aðstöðu eða samstarfi til þess að starfa á markaðnum.

Að lokum kemur fram það mat samrunaaðila að með samrunanum myndi samkeppni á markaði fyrir ferskar og unnar kjötvörur aukast og því væru áhrif á neytendur jákvæð. Þá teldu samrunaaðilar að samruninn hefði jákvæð áhrif á viðskiptavinum kjötvinnslu þar sem sterkari aðili yrði til sem væri fær um að keppa við ríkjandi aðila á markaði fyrir unnar kjötvörur. Samrunaaðilar bentu sérstaklega á í þessu samhengi að samkvæmt ákvörðun nr. 30/2014 hafi markaðshlutdeild KS á markaðnum verið lág. Samrunaaðilar telji því að samruninn muni koma til með að hafa jákvæð áhrif þar sem sterkara félag verði til, sem fært verði í að taka þátt í heilbrigðri samkeppni við stóra aðila sem fyrir séu á markaðnum. Samruninn sé ekki til þess fallinn að hindra samkeppni með neinum hætti að mati samrunaaðila.

Samkeppniseftirlitið bendir á að tilgangur þess að meta markaðshlutdeild á skilgreindum mörkuðum í samrunamálum er sá að auðvelda mat á því hvort samruni muni leiða til skaða fyrir neytendur og tjóns fyrir samfélagið. Mat á markaðshlutdeild er jafnan hluti af mati á aðstæðum á mörkuðum. Við mat á því hvort tiltekin markaðshlutdeild beri vott um skaðlega samþjöppun þarf jafnan að horfa til ýmissa annarra eiginleika markaðarins og þeirra fyrirtækja sem um ræðir í viðkomandi máli.

Mjög há markaðshlutdeild eða 50% eða meiri getur í sjálfu sér verið til vitnis um markaðsráðandi stöðu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 188/2010 *Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu*. Samruni fyrirtækja sem verða eftir samruna með undir 50% markaðshlutdeild geta einnig raskað samkeppni í ljósi annarra atriða svo sem styrks og fjölda keppnauta, hvort fyrir hendi séu takmarkanir á framleiðslugetu, eða í ljósi þess að hve miklu leyti vörutegundir samrunaaðila eru staðgönguvörur. Þannig hefur t.d. framkvæmdastjórn ESB talið að samrunar sem leiða til þess að samrunafyrirtæki nái markaðshlutdeild á milli 40 og 50% og í sumum tilvikum minna en 40% myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu.³

Við ákvörðun um markaðshlutdeild er að jafnaði stuðst við upplýsingar hlutaðeigandi fyrirtækja um tekjur þeirra vegna sölu á vöru og/eða þjónustu sem um ræðir á síðasta heila almanaksári eða eftir atvikum fleiri undangengnum árum, sbr. t.d. ársreikninga eða árshlutauppgjör eða nánari sundurliðun á tekjum eftir því sem við á í hverju máli. Þar sem samþætting sláturhúsa og vinnslu er mjög mismunandi þá er erfiðleikum bundið að vinna samanburðarhæfar upplýsingar upp úr ársreikningum allra sláturleyfishafa og vinnslufyrirtækja á landinu. Í ljósi þess þótti Samkeppniseftirlitinu rétt að kalla m.a. eftir tölulegum upplýsingum frá vinnsluaðilum um tekjur vegna vinnslu og sölu á ferskum og unnum kjötvörum á árunum 2014 og 2015. Þá var jafnframt óskað eftir sundurliðun á tekjum af seldum afurðum til eigin kjötvinnslu og útflutning. Einnig var aflað sundurliðaðra upplýsinga um sláturgripi en þar sem það er mat Samkeppniseftirlitsins að slátrun sé ekki hluti af þeim markaði sem máli skipti er ekki ástæða til að fjalla frekar um sláturmarkaðinn hér.

³ Sjá: Guidelines on the assessment of horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings (2004/C 31/03).



Eins og rakið er hér að framan er það mat Samkeppniseftirlitsins að markaðir þessa máls sé vinnsla og sala á ferskum og unnum kjötvörum af sláturgripum öðrum en kjúklingum. Að mati Samkeppniseftirlitsins er því rétt að víkja nánar að stöðu samrunaaðila á mörkuðunum fyrir sölu á þessum vörum.

2.1 Markaður fyrir sölu á ferskum kjötvörum

Sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila í sölu á ferskum kjötvörum var undir 30% í kinda- og nautakjöti, undir 20% í hrossakjöti og undir 5% í svínakjöti á innanlandsmarkaði á árinu 2015. Hlutdeild samrunaaðila í sölu til eigin kjötvinnslu var undir 5% í svínakjöti og hrossakjöti, undir 10% í kindakjöti og undir 15% í nautakjöti á árinu 2015.

2.2 Markaður fyrir sölu á unnum kjötvörum

Sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila í sölu á unnum kjötvörum var á árinu 2015 undir 10% í kinda- og svínakjöti, undir 5% í hrossakjöti og undir 15% í nautakjöti.

Með vísan til framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að skipting markaðshlutdeildar milli keppinauta ein og sér gefi ekki ástæðu til að ætla að markaðsráðandi staða sé að myndast á skilgreindum mörkuðum málsins.

3. Önnur samkeppnisleg áhrif af samrunanum

Hér að framan hefur verið fjallað um markaðshlutdeild á mörkuðum málsins í kjölfar samrunans. Ljóst er að samruninn eykur við þá samþjöppun sem fyrir er á mörkuðum málsins en það sem dregur úr vægi þess er að starfsemi samrunaaðila á mörkuðum málsins er að nokkru leyti ólík eins og framar segir.

Eins og áður segir telja samrunaaðilar að samkeppnislegra áhrifa samrunans muni gæta á þeim mörkuðum sem Esja, Gallerí Kjöt, KS og dótturfélög þess starfa á. Nánar tiltekið sé um að ræða markaðina fyrir slátrun sauðfjár, hrossa og nautgripa og fyrir ferskar og unnar kjötvörur. Þá kunni áhrifa einnig að gæta á dagvörumarkaði en KS starfar á þeim markaði. Auk þess sem Gallerí Kjöt selur einnig unnið kjöt í sérstakri verslun ásamt nokkrum öðrum vörum en sú verslun gæti talist vera á dagvörumarkaði. Samrunaaðilar taka fram að með samrunanum muni samkeppni á markaði fyrir ferskar og unnar kjötvörur aukast og séu áhrif hans á neytendur því jákvæð. Þá muni samruninn einnig hafa jákvæð áhrif á viðskiptavinum kjötvinnslna þar sem sterkari aðili verður til sem verður fær um að keppa við stóra aðila sem fyrir eru á markaðnum fyrir unnar kjötvörur. Það er mat samrunaaðila að samruninn sé ekki til þess fallinn að hindra samkeppni með neinum hætti.

Eins og áður hefur komið fram er markaðshlutdeild samrunaaðila í kjölfar samrunans ekki það há að hún leiði út af fyrir sig til markaðsráðandi stöðu á skilgreindum mörkuðum. Til að mynda verður hlutdeild þeirra á mörkuðum málsins þar sem áhrifa gætir töluvert undir 50%. Bendir sú staðreynd ein og sér til þess að samruninn muni ekki hindra virka samkeppni. Þá hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem leiðir til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti þannig að þörf sé á íhlutun af hálfu Samkeppniseftirlitsins.



Af samtölum við keppinauta á markaði að dæma hafa sjálfstæðar kjötvinnslur nokkrar áhyggjur af lóðréttri samþættingu í slátrun og vinnslu á einstökum mörkuðum. Í því sambandi hafa þessar kjötvinnslur bent á að þær þurfi að reiða sig á hráefni frá sláturleyfishöfum, sem allflestir muni nú reka sínar eigin kjötvinnslur eða tengjast þeim með sameiginlegu eignarhaldi. Við blasi því sú staða að sláturhúsin hafi sterkan hvata og getu til þess, með heildsöluverðlagningu sinni til sjálfstæðra kjötvinnslna, að verðleggja þær út af markaðnum.

Vissulega er rétt að nokkur samþjöppun hefur átt sér stað á markaðnum á undanförunum árum sem huga þarf vel að og gæta þess að það leiði ekki til þess að kjötvinnslufyrirtækin sem ekki hafa eignatengsl við sláturhús á markaðnum verði með samkeppnishamlandi hætti útilokuð frá markaðnum. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þó ekkert sem gefur tilkynna að slíkt muni leiða af þeim samruna sem hér er til umfjöllunar.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að fyrirhugaður samruni leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Í kaupum KS sölu ehf. á Esju Gæðafæði ehf. og Gallerí Kjöt ehf. felst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson